

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Reykjanesbraut og aðliggjandi svæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í meginatriðum í því að skilgreina landnotkun á vegstæði Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi að Læk þar sem skipulagi var áður frestað. Auk þess eru gerðar eftirfarandi breytingar á aðliggjandi svæðum:

Landnotkun á svæði Sólvangs þar sem skipulagi var frestað er skilgreind sem blandað svæði íbúðar og þjónustu að frátöldu svæði næst gatnamótum Reykjanesbrautar og Lækjargötu þar sem skipulagi verður áfram frestað.

Lega Reykjanesbrautar sunnan Kaldárselsvegjar breytist og umfang mislægra gatnamóta á mótum þessara brauta.

Afmörkun kirkjugarðs er breytt (Ú6 og Ú7).

Afmörkun íbúðarlands í Áslandi er færð til samræmis við deiliskipulag.

Aðalstíg meðfram og yfir Reykjanesbraut er breytt og gert ráð fyrir nýjum göngu-brúm og undirgöngum.

Sýnd er lega Ásbrautar frá Kaldárselsvegi og hún skilgreind sem tengibraut.

Landnotkun á reit S29 er breytt úr svæði fyrir þjónustustofnanir í verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. október 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Kaupangur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 frá 26. mars 1997.

Breytingin nær til landspildu á jörðinni Kaupangur og er eftirfarandi:

Svæði sem er að hluta til skilgreint sem lögbýli, að hluta til sem opið svæði til sérstakra nota (tún og garðrækt) og að hluta til sem opið svæði óbyggt (útivist) verður íbúðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir 10-12 íbúðarhúsum. Stærð svæðisins er um 3,5 ha.